

## 14. Grein - Aðkoma fullorðinna að skátastarfi

Lagt er til að eftirfarandi breytingar séu gerðar á 14. grein um aðkomu fullorðinna að skátastarfi.

### 14. GREIN - AÐKOMA FULLORÐINNA AÐ SKÁTASTARFI

Í 14. grein laga BÍS er fjallað um styrktarpinna BÍS. Styrktarpinninn hefur ekki verið í notkun í nokkur ár og eðlilegt að hans sé ekki getið sérstaklega í lögum.

#### Núverandi grein:

...

C) Sem beinn aðili að BÍS með D aðild.

1. Viðkomandi skráir sig beint í gegnum félagatal BÍS í „Eitt sinn skáti“ félag BÍS og borgar félagsgjald **sem á hverjum tíma er jafnt því gjaldi er styrktarfélagar greiða fyrir styrktarpinna BÍS.**
2. Viðkomandi skilar sakarskrárheimild.

D) Styrktarfélagar BÍS: Aðilar sem **greiða styrktarpinna eða** styrkja BÍS fjárhagslega **með öðrum leiðum** en óska ekki eftir virkri aðild að BÍS þurfa ekki að skila inn sakaskrárheimild, enda hafa þau ekki nein réttindi eða skyldur gagnvart BÍS. eru á skrá yfir styrktaraðila en hafa ekki félagsaðild að BÍS.

#### Verður:

...

C) Sem beinn aðili að BÍS með D aðild.

3. Viðkomandi skráir sig beint í gegnum félagatal BÍS í „Eitt sinn skáti“ félag BÍS og borgar félagsgjald.
4. Viðkomandi skilar sakarskrárheimild.

D) Styrktarfélagar BÍS: Aðilar sem styrkja BÍS fjárhagslega en óska ekki eftir virkri aðild að BÍS þurfa ekki að skila inn sakaskrárheimild, enda hafa þau ekki nein réttindi eða skyldur gagnvart BÍS. eru á skrá yfir styrktaraðila en hafa ekki félagsaðild að BÍS.

#### Flutningsaðili:

Stjórn BÍS

